



FUNDARGERÐ 483. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 27. júní 2023. Fundurinn er settur klukkan 08:10. Fundurinn er staðfundur að Grandagarði 16, 101 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Guðfinnur Sigurvinsson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Stefnumótun SORPU

Formaður og framkvæmdastjóri gera grein fyrir vinnu við stefnumótun SORPU, sem leidd var af ráðgjafafyrirtækinu Valcon, undanfarnar vikur. Stefnumótunin var kynnt á fundi SSH mánudaginn 19. júní. Stefnumótunin er lögð fram og rædd í kjölfarið.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi: „Stjórn Sorpu þakkar Valcon fyrir faglega og góða vinnu við stefnumótun SORPU. Stjórn mun vinna áfram stefnumótun sína á grundvelli vinnu Valcon.“

2. Grenndarstöðvar

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva, og Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, taka sæti á fundinum klukkan 09:45.

Guðmundur og Ísól gera grein fyrir stöðu vinnu við innleiðingu á uppfærðu grenndargámakerfi og fyrirhuguðu útboði á grenndargámum.

Árelía vikur af fundi klukkan 10:05.

Umræður í kjölfar kynninga.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram vinnu við útboð á grenndarstöðvum.

Guðmundur og Ísól vikja af fundi klukkan 10:25.



3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu sinni um helstu hringrásarverkefni í gangi og á döfinni hjá SORPU.

Aldís vísar af fundi 10:46.

Umræður í kjölfar kynningar framkvæmdastjóra.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 15. ágúst klukkan 08:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 10:50.

SORPA

Hringrásarverkefni í vinnslu


Skýrsla framkvæmdastjóra SORPU bs

Stjórnarfundur 483




27. júní 2023

Leiðarljós SORPU bs.

- Viðhalda hráefnum (auðlindum) í hringrásinni og koma í veg fyrir sóun
- Varna því að óæskileg efni komist í umhverfið og þar með inn í fæðukeðjuna




Hvernig gengur að hætta að urða?





Lykilatriði til að draga úr urðun eru aukin flokkun á endurvinnsluefnum og útflutningur til brennslu


Heildarmagn í Álfsnes óháð ráðstöfun svipað milli ára – 150 þúsund tonn



Hringrásarverkefni í farvatninu


- Samræmd söfnun á höfuðborgarsvæðinu mun skila hreinni endurvinnsluefnum.
- Umbúðaskilja fyrir matvæli í umbúðum er á teikniborðinu.
- Glerumbúðir í endurvinnslu – tilraunaverkefni.
- Bætt málmendurheimt í móttöku- og flokkunarsstöð og einsleitari plaststraumar.
- Sláturúrgangur í Orkugerðina.
- Útboð - útflutningur brennsluefnis á lokametrinum.
- Útflutningur á timburflís til brennslu er hafinn.






Útflutningur á brennsluefni

- Útboð á Evrópska efnahagssvæðinu
- Líklegt að útflutningur hefjist í september.
- Um 40 til 50.000 tonn á ársgrundvelli






Aukin endurvinnsla í móttöku- og flokkunarstöð SORPU bs.

- Tilraunaverkefni um flokkun á grófum og óflokkuðum úrgangi
- Markmiðið er að meta hversu miklu er hægt að ná út af því sem er óæskilegt í brennslu og hve miklu af því sem á betur heima í endurvinnslu- eða endurnýtingarfarveg.
- Efni sem á að ná úr úrgangsstraumum:
 - Steinull
 - Steinefni
 - Málmur
 - Gler
 - Snúrur og kapplar
 - Hreint timbur
 - Bylgjupappi
 - Filmuplast
 - EPS – frauðplast. Til skamms tíma hefur EPS plasti verið sérsafnað á endurvinnslustöðvum SORPU. Það er svo sent til innlendra endurvinnsluaðila eða pressað til útflutnings

Glærir pokar og betri flokkun á endurvinnslustöðvum

Magn blandaðs úrgangs hefur farið úr því að vera í kringum 6.000 tonn, sem hefur verið nokkuð stöðugt magn frá 2012-2020 (6.262 tonn árið 2020) niður í 3.776 tonn árið 2022.





GAJA – markmið og árangursmælikvarðar

- Afköst GAJU verði 22-27.000 tonn af lífrænum úrgangi árið 2024 (án stoðefna)
 - Staðan 2022: 20.457 tonn (án stoðefna)
- Samræmd flokkun á lífúrgangi frá heimilum hófst í maí 2023.
- Rannsóknir á sýnum úr moltu sem framleidd er úr sérsöfnuðu efni benda til þess að við stöndumst gæðakröfur en þörf er á fleiri sýnum.
- Leyfi til markaðssetningar moltu sem áburðar verði klárt eigi síðar en áramótin 2023-2024.




Góði hirðirinn flytur í stærra húsnæði

Þann 1. apríl opnaði Góði hirðirinn nýja og stærri verslun í gömlu Kassagerðinni.

Markmiðið er að auka endurnotkun og fjölga efnisstraumum.





Aukin endurnotkun í Góða hirðinum

- Það sem af er ári hefur endurnotkun á nytjamunum í gegnum Góða hirðinn aukist um 73%.
 - Úr 310 tonnum í janúar til maí árið 2022 í 538 tonn á sama tímabili árið 2023.




Fjórflokkun plasts á endurvinnslustöðvum


- Hefur þegar skilað
34% af plasti á
endurvinnslustöðvum í
betri og endur-
vinnanlegri farveg það
sem af er ári
- Einsleitni plaststrauma
er forsenda hærra
endurvinnsluhlutfalls



Fjórflokkun plasts á endurvinnslustöðvum

- Næsta skref er að ná betri flokkun á hörðu plasti og hækka endurvinnsluhlutfall þess
- Rusl og óendurvinnanlegt plast á betur heima í brennslufarvegi






Endurvinnsla glerumbúða

- Tilraunasending með glerumbúðir fór til Reiling í Danmörku í desember.
- Gaf góða raun og Reiling vill taka við efninu til endurvinnslu.
- Næsta skref er að útbúa betri aðstöðu í Álfsnesi til geymslu og pökkunar efnisins.



Aukin söfnun og nýting á hauggasi

- Selt metan árið 2022: **1.987.316 Nm³**
- Heildarmagn metans 2021: **1.863.659 Nm³**
- Aukin söfnun og nýting á hauggasi urðunarstaðar.
 - Búið að bora 36 nýjar borholur (2022).
 - Borun á 72 holum í rein 20 hefst 21. júní.



Skjólbeltaræktun í Álfsnesi

- Ræktun skjólbeltis hefst í júní
- Áætlað að planta um 2500 plöntum, þar af stórum hluta yfir 80 sm háum
- Markmiðið að skapa betri ásýnd urðunarstaðar
- Landmótun er hluti af verkefninu

